

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 144/2001

frá 11. desember 2001

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 131/2001 frá 23. nóvember 2001⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/502/EB frá 25. júlí 2000 um breytingu á ákvörðun 93/42/EBE um viðbótarábyrgðir að því er varðar smitandi kverka- og barkabólgu í nautgripum sem senda á til tiltekinn hluta yferráðasvæðis bandalagsins sem eru laus við sjúkdómminn og um niðurfellingu á ákvörðunum 95/109/EB og 98/580/EB⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.
- 3) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/504/EB frá 25. júlí 2000 um að koma á bráðabirgðaráráðstöfunum varðandi prófanir á berklum í nautgripum innan ramma tilskipunar ráðsins 64/432/EBE⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.
- 4) Ákvörðun þessi gildir hvorki um Ísland né Liechtenstein.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

I. gr.

Eftirfarandi breytingar skulu gerðar á hluta 4.2 í I. kafla I. viðauka við samninginn:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í 12. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/42/EBE):

„- **32000 D 0502:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/502/EB frá 25. júlí 2000 (Stjtið. EB L 200, 8.8.2000, bls. 62).“

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 22, 24.1.2002, bls. 15 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 6, 24.1.2002, bls. 12.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 200, 8.8.2000, bls. 62.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 201, 9.8.2000, bls. 6.

2. Texti 27. liðar (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 95/109/EB) og 45. liðar (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 98/580/EB) undir fyrirsögninni „*GERÐIR SEM EFTA-RÍKIN OG EFTIRLITSSTOFNUN EFTA SKULU TAKA TILHLÝÐILEGT TILLIT TIL*“ falli brott:
3. Eftirfarandi liður komi aftan við 55. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/330/EB):

„56. **32000 D 0504**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/504/EB frá 25. júlí 2000 um að koma á bráðabirgðaráðstöfunum varðandi prófanir á berklum í nautgripum innan ramma tilskipunar ráðsins 64/432/EBE (Stjtið. EB L 201, 9.8.2000, bls. 6).“

2. gr.

Texti ákvarðana 2000/502/EB og 2000/504/EB á norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 12. desember 2001, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 11. desember 2001.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

B. Grydeland

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

P.K. Mannes M. Brinkmann

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

